

Leikskólinn Hraunheimar leitar að leikskólasérkennara/þroskaþjálfara/iðjuþjálfara

Ertu faglega sterkur einstaklingur sem brennur fyrir því að skapa góðan námsvettvang fyrir börn með fjölbreyttar þarfir?

Leikskólinn Hraunheimar óskar eftir leikskólasérkennara, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara eða starfsmanni með sambærilega menntun sem nýtist í starfi.

Hraunheimar er nýr leikskóli sem mun opna 1. september í Þorlákshöfn. Á Hraunheimum er unnið út frá hugmyndum um læsi í víðu samhengi þar sem áhersla er lögð á fimm læsisþætti.

- ❖ Félags- og tilfinningalæsi
- ❖ Umhverfis- og samfélagslæsi
- ❖ Stafa- og stærðfræðilæsi
- ❖ Heilsulæsi
- ❖ Faglegt læsi starfsmanna og foreldra

[Hér](#) er hægt að lesa nánar um hugmyndafræði Hraunheima.

Reynsla og þekking er mikilvæg. Góð íslenskukunnátta algjört skilyrði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- ❖ Að veita barni með sérþarfir leiðsögn og stuðning í samstarfi við sérkennslustjóra
- ❖ Að eiga samstarf við foreldra, fagaðila og aðra ráðgjafa.
- ❖ Að vinna að gerð einstaklingsnámskráa og fylgja þeim eftir.
- ❖ Að sinna þeim verkefnum er varða sérkennslu og öðrum störfum innan leikskólans sem yfirmaður felur honum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ❖ Leikskólasérkennaramenntun, þroskaþjálfamenntun, iðjuþjálfamenntun eða önnur sambærileg menntun kostur
- ❖ Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum skilyrði
- ❖ Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- ❖ Góð færni í samskiptum
- ❖ Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- ❖ Góð íslenskukunnátta skilyrði

Við bjóðum upp á

- ❖ Einstakt tækifæri til að móta og byggja upp sérkennslu í nýjum leikskóla.
- ❖ Góðan stuðning í starfi, tækifæri til símenntunar og faglegs vaxtar.

❖ Skemmtilegt og skapandi starfsumhverfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir leikskólastjóri í síma 480-3800 og í tölvupósti hrafnhildurh@olfus.is